

## Aðalfundur LSG 18. maí 2017

Fundarstjóri: Jón Freyr Þórarinsson

1. Erling Ásgeirsson flutti skýrslu formanns sem fylgir hér með. Utan dagskrár tilkynnti hann um aukaferð til Aðalvíkur með Sjóferðum 23. júlí kl. 18:30.
2. Ingvi Stígsson flutti skýrslu gjaldkera. Báðar skýrslurnar voru samþykktar með lófataki.
3. Engar lagabreytingar voru gerðar
4. Stjórnarkjör hófst með því að formaðurinn Erling Ásgeirsson vakti athygli á því að hann væri frá Sæbóli og sú hefð hefði skapast að stjórnarmenn væru fulltrúar helstu byggðakjarna friðlandsins. Hann tilkynnti svo að hann gæfi ekki kost á sér til endurkjörs, en mælti með Ingva Stígssyni frá Horni, gjaldkera félagsins sem formanni. Fundarstjóri bar upp tillögu Erlings og auglýsti eftir mótframboði, en það kom ekki svo að Ingvi var kjörinn til formanns með lófataki.

\*Næst á dagskrá var að kjósa varaformann, en Sölvi Rúnar Sólbergsson frá Hesteyri gaf kost á sér til áframhaldandi starfa sem varaformaður og var hann samþykktur með lófataki.

\*Fundarstjóri tilkynnti svo að gjaldkeri félagsins Matthildur Guðmundsdóttir frá Látrum gæfi ekki kost á sér til endurkjörs og meðstjórnandinn Hörður Ingólfsson frá Fljótavík, óskaði einnig eftir að draga sig í hlé.

Fundarstjóri kynnti svo að fráfarandi stjórn mælti með í stað þeirra sem hætta:

Finnbirni Aðalvíkingi Hermannssyni frá Sæbóli, Gunnari H. Kristjánssyni frá Látrum og Margréti Katrínu Guðnadóttur frá Fljótavík. Fundarstjóri auglýsti eftir mótframboðum en þau bárust ekki svo að tillaga stjórnar um nýja stjórnarmenn var samþykkt með lófataki.

Sú breyting varð á kjöri varamanna að í stað Sigríðar Gunnarsdóttur frá Látrum var kosin Halldóra Kristinsdóttir frá Sæbóli, en aðrir í varastjórn Jósef Vernharðsson og Sigrún Þorvarðsdóttir frá Látrum og Miðvík voru endurkjörin.

5. Skoðunarmennirnir Brynjar Valdimarsson og Ingibjörg Ásgeirsdóttir og varamenn Anna Ásgeirsdóttir og Jón Borgarsson voru öll endurkosin.
6. Fram kom tillaga um að hækka árgjald félagsins úr kr. 1200.- í kr. 1500 -, en sú tillaga féll á jöfnum atkvæðum svo að árgjaldið verður áfram kr. 1200 –
7. Önnur mál:
  - A) Oddur Hermannsson kynnti störf sín við að finna út og skrá örnefni á rétta staði á landakorti ásamt landamærum. Hann benti á að Þjóðlendunefnd gæti hugsanlega tekið til sín allt það land sem eigendur geta ekki sannað að þeir eigi. Nauðsynlegt sé að byrja á að hnita öll ytri mörk jarða og leita í því sambandi til Þjóðskrár varðandi eignarétt og erfðarétt, en gæta þess að fara ekki offari og leysa skipulagsmál í samvinnu. Ef við sköpum ekki sátt núna munu börnin okkar berjast! Hægt er að leita upplýsinga á netinu: [Skipulag.is](http://Skipulag.is), eða [map.is/skipulag](http://map.is/skipulag). Ákvæði varðandi umgengni má setja í skipulagssáttmála. Deiliskipulag gat verið fyrir eitt

hús en er það ekki lengur, nú þarf heildin að vera inni. Öll mannvirki þurfa að hafa lóð, en það eru engin lóðaréttindi í friðlandinu og nauðsynlegt að setja svæðið í nútímann. Netfang Odds er: oddur@.is ?

- B) Ingvi Stígsson kynnti verndaráætlun Umhverfisstofnunar og ráðstefnu á Ísafirði sem hét: Eru skemmtiferðaskip á réttri leið ? Þar kom fram að skemmtiferðaskip sem sigla til Svalbarða greiða umhverfisverndargjald þegar þau setja fólk í land þar. Óskir hafa komið um að mega setja fólk í land í friðlandinu, en fundarmenn voru allir á móti því.
- C) Matthildur vakti athygli á gömlum og nýjum fundagerðabókum og varpaði fram þeirri spurningu hvort ekki væri rétt að láta skanna þær og koma þeim svo fyrir á Þjóðskjalasafni þar sem þær væru að miklu leiti saga félagsins frá upphafi.
- D) Jakob Falur, Helgi Þorvarðarson og Sigrún Þorvarðsdóttir gerðu athugasemdir við hvernig staðið var að stjórnarkjöri, og óskuðu eftir breytingu til framtíðar þar sem auglýst væri fyrir aðalfund ef einhver stjórnamaður gæfi ekki kost á sér til stjórnarsetu áfarm svo að almennir félagsmenn gætu undirbúið framboð til stjórnar.
- E) Matthildur upplýsti að það stæði hvergi í lögum félagsins að sitjandi stjórnarmenn þyrftu að tilkynna með einhverra daga fyrirvara ef þeir vildu draga sig í hlé.
- F) Í lok fundar þakkaði nýkjörinn formaður, Ingvi Stígsson Erling og Matthildi fyrir vel unnin stjórnarstörf þar sem Erling hafði setið í stjórn í 18 ár og þar af 16 sem formaður og Matthildur hafði starfað sem ritari í 20 ár. Hann færði þeim blóm til áréttingar orða sinna.

Fundi slitið kl. 20.00

Matthildur Guðný Guðmundsdóttir

### **Nýkjörin stjórn LSG**

Ingvi Stígsson	Horni formaður
Sölvi Rúnar Sólbergsson	Hesteyri varaformaður
Finnbjörn Aðalvíkingur Hermannsson	Sæbóli meðstjórnandi
Gunnar H. Kristjánsson	Látrum meðstjórnandi
Margrét Katrín Guðnadóttir	Fljótavík meðstjórnandi

### **Varamenn**

Halldóra Kristinsdóttir	Hesteyri
Jósef Vernharðsson	Fljótavík
Sigrún Þorvarðsdóttir	Látrum/Miðvík

### **Skoðunarmenn voru endurkjörnir.**

**Ath.** Þær reglur voru settar fyrir mörgum árum að formaður ásamt tveimur stjórnarmönnum skyldu vera búsettir á Reykjavíkursvæðinu og varaformaður ásamt einum stjórnarmanni væru búsettir á Ísafirði eða vestursvæðinu.

**Viðauki við aðalfundargerð vegna tillögu sem vantaði í fundargerðina og borin var upp undir lið 7; Önnur mál.**

**Tillaga frá Helga Þorvarðssyni**

„Stjórn LSG skal tryggja að allar ársskýrslur, fundargerðir og önnur gögn LSG verði aðgengileg á vef félagsins. Einnig skal hún tryggja að allar fundargerðir Hornstrandarnefndar og önnur gögn verði aðgengileg á vef Hornstrandarnefndar og/eða vef LSG. Að verki loknu skal stjórn LSG senda félagsmönnum tilkynningu um það“.

Tillagan var samþykkt móttatkvæðalaust.